

# ***Reglur um styrki til uppbyggingar flóttaleiða í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi***

## **1. grein**

Sveitarstjórn ákveður árlega upphæð við gerð fjárhagsáætlunar til uppbyggingar flóttaleiða í frístundabyggðum sveitarfélagsins.

## **2. grein**

Félög frístundabyggða og sumarhúsaeygenda sækja um styrk til sveitarstjórnar fyrir 1. mars ár hvert á þar til gerðu eyðublaði. Skilyrt er að kostnaðaráætlun og teikning af fyrirhugaðri flóttaleið fylgi. Í lok apríl ár hvert liggur fyrir hverjir munu fá úthlutað styrk og verður styrkurinn greiddur út eftir framvísun afrits af reikningi og framvísun teikningar af vegi, þó eigi síðar en 31. desember það ár sem styrkurinn er veittur.

## **3. grein**

Aðeins er veittur styrkur til uppbyggingar flóttaleiða, ekki til viðhalds eða uppbyggingar annarra vega innan hverfis.

## **4. grein**

Samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps metur styrkbeiðnir og kemur með tillögur til sveitarstjórnar um úthlutun á styrkjum eftir þeim umsóknum sem fyrir liggja.

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps,

*Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri*